Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Málsnr. 2303013/ JKÁ

Umsögn

Til: Svæðisskipulagsnefndar

Frá: Jón Kjartan Ágústsson

Efni: Deiliskipulag Kópavogur: Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79

Dags: 24. apríl 2023

Svæðisskipulagsnefnd barst bréf frá skipulagsfulltrúa Kópavogs dags. 15. mars 2023 þar sem óskað er umsagnar vegna ofangreinds. Í bréfinu kemur fram að í umsögn og yfirferð Skipulagsstofnunar hafi verið bent á að leita þyrfti umsagnar svæðisskipulagsnefndar. Tillagan felur í sér heimild fyrir uppbyggingu allt að 150 íbúða á 2-4 hæðum. Nýtingarhlutfall ofanjarðar yrði 1,22 m.v. A – rými. Gert yrði ráð fyrir 0,75 bílastæðum á íbúð og niðurgrafinni bílgeymslu.



Vinstri: Landnotkun skv. aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Miðja. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 br. 2018. Hægri: Frumdragaskýrsla Borgarlínu – tillaga að legu.

Sáttmáli um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Samgöngusáttmáli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var undirritaður 26.09.2019 en nú er unnið að undirbúning þess að uppfæra sáttmálann og gera viðauka við hann en gert er ráð fyrir að slíkur viðauki verði tilbúinn til undirritunar sumarið 2023. Deiliskipulagssvæðið liggur við fyrirhugaða legu Borgarlínu um Bakkabrautar / Borgarholtsbrautar en nær ekki yfir vegsvæðið og fjallar því ekki um útfærslu götunnar.



Stofnstíganet höfuðborgarsvæðisins skv. tillögum verkefnahóps.

Stofnstígar hjólreiða – samgöngusáttmáli framhald

Samkvæmt áætlun um forgangsröðun uppbyggingu stofnleiða hjólreiða 2020 – 2033 sem Vegagerðin og samráðshópur sveitarfélaga um uppbyggingu stofnstígs hjólareiða á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið, er gert ráð fyrir lagningu stofnleiðar fyrir hjólandi meðfram Bakkabraut og suður eftir strandlengju Kársnes. Einnig gerir stofnstíganetið ráð fyrir svokallaðri tengileið hjólreiða meðfram Borgarholtsbraut austur til Hamraborgar. Útfærslur hópsins voru leiðbeinandi en koma til útfærslu í framlagðri tillögu, að hluta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040

Skipulagsvæðið er skilgreint sem *samgöngu- og þróunarás* samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Skipulagsákvæði sem varða téð svæði koma helst fram í markmiði 1.2 í svæðisskipulagi, þar sem segir m.a.: *Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngu miðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66% af allri borgarbyggðinni* og að fyrrgreind svæði verði *lykilsvæði fyrir uppbyggingu blandaðrar byggðar, verslun og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu*. Í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni slíkra svæða eins og *almenningssamgöngur hafi forgang í gatnakerfi* og *hágæða umhverfi skuli vera fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur*, sjá. töflu 2 bls. 36 , sem sveitarfélögum er ætlað útfæra og afmarka nánar í aðalskipulagi og eftir tilfellum deiliskipulagi. Telja má að framlögð tillaga samræmist ofangreindum markmiðum svæðisskipulags.

Umsögn

Í fyrirliggjandi samantekt hefur verið stiklað á stóru á helstu skipulagsákvæðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 og samgöngusáttmála. Ekki verður séð að framlög tillaga gangi gegn markmiðum svæðisskipulags né samgöngusáttmála, en bent er á að huga þarf að ýmsum atriðum er varða aðbúnað Borgarlínu og stofnnet hjólandi þegar hönnun og framkvæmdir hefjast.

Bent er á að í umsögn Vegagerðarinnar, dags. 30 ágúst 2022, sem sbr. fylgigögn, koma fram ýmsar ábendingar sem tekið er undir að hafa þurfi í huga þegar framkvæmdir á reitnum hefjast, eins og að tryggja að auglýstir skipulagsreitir skarist ekki við fyrirhugaða deiliskipulagsvinnu vegna Borgarlínu, að fullnægjandi veglína verði til staðar og að tryggja þurfi samfellu í stígakerfi stofnstíga fyrir gangandi- og hjólandi, en fram kemur að Vegagerðin óskar eftir nánu samráði hvar varðar útfærslu og lausnar mála á næstu stigum.

Virðingarfyllst,

Jón Kjartan Ágústsson

Jón Kjartan Ágústsson
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026